

## Kennsluleiðbeiningar

### „Að segja frá“

Námsefnið „Að segja frá“ styður annað námsefni í „Ég veit“, sem fjallar um ofbeldi, kynferðisofbeldi og um hvernig við getum skapað öruggt og gott umhverfi í bekknum og skólanum. „Að segja frá“ útskýrir nánar hvers vegna það getur stundum verið erfitt að segja öðrum hvernig okkur líður og hvers vegna það getur samt verið skynsamlegt að gera það. Mælt er með því að kennari stýri fræðslunni, annaðhvort með öllum bekknum í kennslustund eða í minni nemendahópum.

Efnið inniheldur myndir og lestur á textanum.

## Áður en þú byrjar – góð ráð.

### Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel, eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

### Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

### Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum. [Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn „Ég veit“:](#)

## Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera [hér](#).

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

## Námsefnið inniheldur eftirfarandi atriði:

### 1. Að segja frá einhverju sem er erfitt að tala um

Texti sem fjallar sérstaklega um að segja frá reynslu sem er erfitt að ræða. Að tala saman getur verið alveg frábær upplifun, en það getur líka verið mjög erfitt. Í þessum texta er fjallað um það hvers vegna það er stundum erfitt að tala saman, hvers vegna það er oft erfitt að segja frá ljótum og vondum leyndarmálum og hvers vegna það getur samt verið gott að gera það. Í textanum eru einnig ábendingar um orðalag sem hægt er að nota ef það er erfitt að finna réttu orðin til að lýsa því hvernig okkur líður.

### 2. Tölum saman

Spurningar sem hvetja til ígrundunar í nemendahópnum eftir að þið hafið lesið textann eða talað saman um viðfangsefnin í textanum:

- Hvers vegna getur stundum verið erfitt að segja öðrum hvernig okkur líður?
- Hvað er slæmt leyndarmál?
- Hvers vegna er gott að segja einhverjum fullorðnum frá því þegar við eigum erfitt?
- Hvað þýðir það að treysta einhverjum?
- Við hvern getið þið talað ef ykkur eða einhverjum sem þið þekkið líður illa?

### 3. Verkefnablað

PDF-skjal til útprentunar. Hentar vel sem verkefni í lok kennslustundar. Það getur verið gott að hlusta eftir samræðum barnanna á meðan þau eru að vinna verkefnablaðið.